

AKRÝL POL

AKRÝL POL er vatnsþynnt, hálfgljáandi akrýlmálning, sem er létt í notkun. AKRÝL POL myndar filmu með mjög gott veðrunarþol, lit- og gljáaheldni. AKRÝL POL er einkum ætlað á bárujárn, ýmsar gerðir af klæðningum og aðra málmfleti utanhúss, þar sem nokkuð mæðir á og óskað er hálfgljáandi áferðar.

Undirbúningur:

Flöturinn sem mála á, skal vera þurr og laus við ryð, ryk, olíu, feiti og önnur óhreinindi. Óhreinindi skal hreinsa með viðeigandi hreinsiefnum og þvo með ferskvatni.



AKRÝL POL er einkum ætlað á bárujárn, ýmsar gerðir af klæðningum og aðra málmfleti utanhúss, þar sem nokkuð mæðir á og óskað er hálfgljáandi áferðar.

Efnismeðferð:

Fyrir notkun skal hræra vel upp í dósinni. Mála má með pensli, rúllu eða háþrýstisprautu.

Nýmálun:

Grunna skal járn og veðraða galvaniseraða fleti með FJÖLGRUNNI eða OXYÐMENJU. Mála síðan tvær umferðir með Akryl Poli.

Endurmálun:

Mikilvægt er að fjarlægja alla lausa málningu. Grunnmála skal skellur með viðeigandi grunni. Sé ryð farið að brjótast út skal burstað þá burt og bletta með ryðvarnargrunni. Mála skal tvær umferðir með AKRÝL POLI. Leita skal upplýsinga um málun klæðninga hjá söluaðilum Málningar hf.



Áferð:

Hálfgljáandi (silkimött). Gljái um 50 (60°).

Þynnir og hreinsun áhald:

Vatn eða sápuvatn til þvottar.

Þurrktími:

Snertþurrt eftir um 30 til 60 mín. við 20°C..

Yfirmálun:

Eftir 6 til 12 klst. við 20°C. Breytilegt eftir efnisnotkun, hitastigi og öðrum aðstæðum.

Þykkt (flæðiseigja):

Um 35 Poise. (Brookfield HA 5/50, 25°C).

Eðlismassi:

Um 1,10 - 1,20 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit.

Þurrefni:

Um 50% af massa eða um 35% af rúmmáli (reiknað), lítið eitt breytilegt eftir lit.

Efnisnotkun:

Um 0,10 - 0,14 l/m² í umferð, breytilegt eftir hrjúfleika flatar, málunaraðferð og aðstæðum. Samsvavar um 40 my þurr-filmuþykkt.

Hitastig við áburð:

Hitastig flatar skal vera milli 5°C og 40°C og 3°C yfir daggarmörkum lofts.

VOC-efni:

Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/d 140 g/l (2010). Þessi vara inniheldur að hámarki 100 g/l.

ATHUGASEMDIR:

Ef nota á AKRÝL POL á þak skal halli ekki vera minni en 20°. Varasamt getur verið að mála seint að degi til og þegar von er á rigningu, dökk eða hitastigi undir 5°C.

Endanlegur styrkur næst eftir um 4 vikur. Geymið í lokuðum umbúðum á þurrum stað. Má ekki frjósa.